

## Kynjafræði (FÉL243 - FÉL2R050)

### Um áfangann

Kynjafræði er þverfagleg fræðigrein sem kennd er í háskólum víðsvegar um heim og í a.m.k. tveimur íslenskum framhaldsskólum (Borgarholtsskóla og MA). Í þessum áfanga fá nemendur kynningu á kynjafræði, jafnréttisbaráttu, femínisma, rauðsokkum og þjálfist í að skoða heiminn með kynjagleraugum. Fjallað verður um skólagöngu, vinnumarkað, fjölmiðla, heilsufar, ofbeldi og stjórnkerfið út frá kynferði.

Í áfanganum munu nemendur meðal annars rýna í fjölmiðla, kvikmyndir og bækur. Vændi, klámvæðing, kynbundið ofbeldi, tíska, líkamsímyndir og staðalmyndir eru efni sem einnig verða tekin fyrir.

Áfanginn byggir á fjölbreyttri verkefnavinnu, umræðum og sjálfstæðri vinnu nemenda. Einnig koma gestafyrirlesarar. Ekki er lokapróf í áfanganum en nemendur ljúka hlutaprófi á önninni.

### Áfangamarkmið

- Að nemendur þekki og geti útskýrt ýmis grundvallar hugtök í kynjafræðum
- Að nemendur afli sér þekkingar á stöðu karla og kvenna í íslensku samfélagi, fyrr og nú
- Að nemendur þjálfist í að taka þátt í umræðum um tiltekin efni og koma skoðunum sínum og hugmyndum á framfæri
- Að nemendur þjálfist í að líta á veröldina út frá sjónarhorni kyns og kynferðis
- Að nemendur verði meðvitaðir um áhrif jafnréttisbaráttunnar fyrr og nú
- Að nemendur þjálfist í gagnrýninni hugsun

## **Lesefni**

Allir nemendur kaupa fjölritað hefti í afgreiðslu MA. Um er að ræða ljósrit úr bókinni *Vaknaðu kona! Auk fyrsta heftis Forvitin rauð*, sem rauðsokkur á Íslandi gáfu út árið 1972.

Herdís Helgadóttir. 1996. *Vaknaðu kona! Barátta rauðsokka frá þeirra eigin sjónarhóli*. Reykjavík: Skjaldborg

*Kynungabók: Upplýsingar fyrir ungt fólk um jafnrétti kynja*. 2010. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (Hægt er að prenta Kynungabók út af netinu).

Auk þess eiga nemendur að lesa valið efni sem kennari mun setja á Moodle.

## **Námsmat**

- Jafningjagleraugun - Vinnumappa - 25%
- Hlutapróf á önninni - 20%
- Umræðutímar - 15%
- Virkni í umræðutímum - 5%
- Sjálfstætt rannsóknarverkefni - 35%

**Skila þarf öllum verkefnum til að standast áfangann**

## Nánar um verkefni

**Jafnréttisglæraugun mín: Vinnubók unnin yfir alla önnina (25%).**

Einstaklingsverkefni.

Bókin verður heimildarmappa um nám nemandans og veröld hans með kynjagleraugum. Nemendur safna úrklippum, fréttum, tilvitnunum, myndum, auglýsingum o.s.frv. Nemendur hafa frjálstar hendur með þemu og áherslur, engin mappa verður eins. Kennara er frjálst að leggja fyrir hugleiðingarverkefni t.d. eftir kvikmyndaáhorf, umræður, og heimsóknir.

**Annarpróf úr fræðilegu efni áfangans (20%).** Til prófs er Kynungabók, Vaknaður kona! og efni frá kennara.

**Umræðutími (15%).** Hópnun er skipt í tvennt í þessum tímum. Allir nemendur lesa greinar fyrir tímann en tveir bera ábyrgð á tímanum (þ.e. tveir í hverjum hóp). Þeir skila stuttri sameiginlegri greinagerð úr lesefninu til kennara og stýra umræðu tímans. Nauðsynlegt er að allir mæti vel lesnir til leiks. Greinarnar er að finna inn á Moodle.

**Virgni í áfanganum (5%).** Kennari mun fylgjast sérstaklega með því hversu virkir nemendur verða sem þátttakendur í umræðutímum, hvort þeir setji fram spurningar byggðar á lesefninu, hvort þeir setji fram aðrar spurningar o.fl. Einnig skiptir mæting og þátttaka í öðrum tímum máli.

**Rannsóknarvinna (35%).** Hópverkefni: 2-3 saman. Rannsókn að eigin vali. Nemendur skila áætlun um hvað þeir ætla að taka fyrir, hvernig þeir ætla að nálgast viðfangsefnið og hvernig framsetningin verður. Mikilvægt er að niðurstöðurnar verði gerðar sýnilegar t.d. í bæklingum, falletum veggspjöldum

o.s.frv. Eitthvað sem hefur tilgang og vekur athygli á ójafnrétti kynja og/eða til að bæta úr þeim.

Nemendur skila skriflegri áætlun til kennara og kynna síðan rannsókn sína og niðurstöður fyrir öðrum nemendum áfangans.

**Kynjafræði**  
**Valgrein 3.-4. bekkur**  
**Menntaskólinn á Akureyri**  
**Haust 2012**

<p><b>17.-21. sept.</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Kynning á efni</li> <li>- Byrjað á sögulegu efni. Fjölskyldan, rauðsokkar o.fl. Fyrirlestur og umræður</li> </ul>	<p><b>22.- 26. okt.</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Kynungabók</li> <li>- Fjölmiðlar og auglýsingar</li> <li>- Umræðutími:</li> </ul>	<p><b>26.-30. nóv.</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Kynungabók</li> <li>- Kynbundið ofbeldi</li> <li>- Umræðutími:</li> <li>- Vinna í rannsóknarverkefni og skila áætlun</li> </ul>
<p><b>24.-28. sept.</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Nemendur hefja skrif á vinnubók</li> <li>- Saga rauðsokka. Glærur og umræður. Vaknaðu kona!</li> <li>- Umræðutími:</li> </ul>	<p><b>29.okt-2. nóv. Frí 29. og 30. 2x tímar</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Kynungabók</li> <li>- Fjölmiðlar og auglýsingar</li> </ul>	<p><b>3.-7. des.</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Kynungabók</li> <li>- Stjórnkerfi og lagaumhverfi jafnréttismála</li> <li>- Umræðum lokið</li> <li>- Vinna í rannsóknarverkefni</li> </ul>
<p><b>1.-5. okt.</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Kynungabók</li> <li>- Uppeldi</li> <li>- Umræðutími:</li> </ul>	<p><b>5.-9. nóv.</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Kynungabók</li> <li>- Fyrirmyndir</li> <li>- Umræðutími:</li> </ul>	<p><b>10.-14. des.</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Vinna í rannsóknarverkefni</li> <li>- Próf upp úr Kynungabók, Vaknaðu kona! og efni frá kennara</li> </ul>
<p><b>8.-12. okt.</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Kynungabók</li> <li>- Vinnumarkaður</li> <li>- Umræðutími:</li> </ul>	<p><b>12.-16. nóv.</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Daglegt brauð, orðaforði og samantekt</li> <li>- Umræðutími:</li> <li>- Leggja fyrir rannsóknarverkefni og byrja að vinna</li> </ul>	<p><b>17.-20. des.</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Vinna í rannsóknarvinnu 2x tímar</li> <li>- Kynningar á verkefnum 4x tímar</li> </ul>
<p><b>15.-19. okt.</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Kynungabók</li> <li>-Vinnumarkaður</li> <li>- Umræðutími:</li> </ul>	<p><b>19.-23. nóv.</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Kynungabók</li> <li>- Kynbundið ofbeldi</li> <li>- Umræðutími:</li> <li>- Vinna í rannsóknarverkefni 2x</li> </ul>	<p><b>7.-9. jan. 4x tímar</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Kynningar á verkefnum</li> </ul>

ATH. Umræðutímar á þriðjudögum